

Lagt fyrir fund velferðarráðs 14. september 2022

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Gistiskýlið á Lindargötu rekur neyðarúrræði fyrir heimilislausa karlmenn með fjölbættan fíknivanda. Þarna er unnið gott starf eins langt og það nær. Húsnæðið á Lindargötu er löngu sprungið og mikil vöntun er á þjónustu s.s. heilbrigðisþjónustu. Sama má segja um fleiri úrræði af þessum toga svo sem smáhýsin út á Granda. Flokkur fólksins þekkir vel til mála á báðum þessum stöðum og leggur til að velferðarsvið beiti sér fyrir því að bæta aðstæður, fjölga stöðugildum og bæta þjónustu með því að koma á samningi milli borgarinnar og heilsugæslunnar. Fjölga þarf starfsfólki með fjölbreytta starfsreynslu. Á Lindargötunni, sem dæmi, starfar aðeins einn félagsráðgjafi sem sér um öll mál. Álagið er mikið og næst ekki að sinna öllum málum svo vel sé. Plássleysi er mikið sem skapar enn meira álag á starfsfólkið. Þrengsl eru oft slík að menn þurfa að sofa í stólum því ekki eru næg rúm.